

Gjaldskrá þessi sem sett er samkv. 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 96/1981.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

21. júní 1982.

Nr. 339.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 22. október 1981 hefur skipulagsstjórn ríkissins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að um það bil 60 metra breið spilda meðfram Skipholti sem áður var ætluð undir stofnanir verði framvegis jöfnum höndum ætluð undir íbúðir, iðnað, stofnanir og skrifstofur.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júní 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 340.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum, fyrir árið 1981.

Sjóður í ársbyrjun:

Búnaðarbankainnstæða nr. 521704	kr.	8 025,00
Vextir	—	3 550,00
		<hr/>
	kr.	11 575,00

Sjóður til næsta árs:

Búnaðarbankainnstæða nr. 521704	kr.	11 575,00
		<hr/>
	kr.	11 575,00

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Lára Hafliðadóttir.